

# Gjöf sem gefur ávöxt

## Eplatré (2ja - 3ja ára)

### Astrakan Storklar (finnskt)

Tiltölulega fljótsprottið tré sem myndar fingerða og fallega krónu. Gefur tiltölulega snemma uppskeru. Eplin eru meðalstór, þroskast um miðjan september og eru bragðgóð. Ávöxtur hefur tilhneigingu til að springa. Þarf sólríkan vaxtarstað og nægjanlegt vatn. Sumarepli. Grunnstofn Antonovka.

### Sävsstaholm (finnskt)

Meðalstórt tré, þokkalega harðgert. Eplin eru gulleit með rauðri sliktu, góð í deserta og til að borða. Kjötmikil og sæt á bragðið. Ekki sjálffrjógandi, góð frjósört með öðrum tegundum. Tréð ver sig vel gegn sjúkdómum. Sumarepli. Grunnstofn Antonovka.

### Transparente Blanche (finnskt)

Meðalstórt tré með greinar sem standa fekar beint út frá trénu. Hálfjálffrjógandi og er góð frjósört með mörgum öðrum tegundum. Eplin eru gulgræn og sögð góð í eplamús og fleira. Gamalt yrki sem hefur frá 1850 farið um alla Skandinavíu og víðar. Sumarepli. Grunnstofn Antonovka.

### Bergius (finnskt)

Sænsk sort, ræktuð í Finnlandi. Rauð epli, frekar ílöng, safaríkt aldinkjöt, þægilega sætsúrt. Má borða beint eða nota í deserta. Gefur af sér 2-4 árum eftir gróðursetningu. Góður frjógjafi fyrir fleiri tegundir. Frekar harðgerð sort í Finnlandi. Sumarepli. Góð mótstaða gegn sjúkdómum. Sumarepli. Grunnstofn Antonovka.

### Borgovskoje (finnskt)

Gömul rússnesk sort sem kom til Finnlands í lok 19 aldar. Tréð er meðalstórt, kröftugt og með góðan greinavinkil. Meðalstór aldin, ílöng, sæt aldin án vínsýru. Tegundin er vinsæl af börnum og öðrum sem eru ekki mikið fyrir súra aldin. Nokkuð heilbrið og gjöful sort. Bragð og gæði aldina eru best ef passað er vel upp á vökvun. Aldinin eru að þroskast í byrjun september og geymast ekki lengi. Ein af mest seldu tegundunum í Norður-Finnlandi. Mjög harðgerð. Sumarepli. Grunnstofn Antonovka.

### Gerby kanel (finnskt)

Blanda af tegundum Rauðum Kanel og Gulum Kanel. Verður stórt og fallett tré með tímanum og hefur fallegra vaxtarlag en Kanel tegundirnar hafa almennt. Aldinin meðalstór, safarík, sætsúr og ilma af kanil. Aldinin má borða strax eða nota í matargerð. Stuttur geymslutími á aldinum. Sumarepli. Grunnstofn Antonovka.

### Katja Balsgård (danski)

Danskt yrki, duglegt og meðal harðgert. Þarf skjólgóðan og sólríkan vaxtarstað og frjósaman jarðveg. Nokkuð gjöfult. Blómin eru hvít og aldinin gul/rauð meðalstór epli. Þroskast í október. Safarík og fersk. Góð frjósört með öðrum tegundum og frjógast með 'Transparente Blanche', 'James Grieve', 'Discovery', 'Quinte' og 'Summerred'. Haustepli. Grunnstofn MM106

### Röd Aroma (danskt)

Nokkuð harðgert tré, sem vex frekar hægt. Þarf gott skjól, sólríkan vaxtarstað og frjóan jarðveg. Eplin eru rauð/gul. Safarík og hægt að borða beint af trénu eða geyma í ca 1 mánuð. Þessi sort hefur borið ávöxt hér á landi utandyra. Getur frjógast við 'James Grieve', 'Skogfaged', 'Summer Red' og 'Transparente Blanche'. Haustepli Grunnstofn MM106.

### Gerby Tidiga (finnskt)

Meðalstórt tré með góða greinavinkla og fallett form. Safarík og sæt aldin. Þroskast í lok ágúst en geymast ekki lengi bara 1-2 vikur. Nokkuð harðgert tré. Tegund sem er með þeim fyrstu til að þroska aldin yfir sumarið. Rauðleitar yrjur á eplunum. Sumarepli. Grunnstofn Antonovka.

### Lepaan meloni (finnskt)

Safaríkt, miðlungsstórt, gulleitt epli með þínu rauðu í. Eplin eru falleg í laginu og eru með melónukeim og sætt bragð. Sérstaklega c- vítamín ríkt. Þroskast í byrjun september. Myndar aldin eftir 5-7 ár. Ekki sjálffrjógandi en er góð frjósört fyrir aðrar tegundir. Sumarepli – haustepli. Harðgert tré sem hefur staðið sig vel í norðurhluta Finnlands. Grunnstofn Antonovka.

### Pirja (finnskt)

Eplin ekki mjög stór en góð, rauðröndótt og ilmandi og þroskast snemma á haustin, í ágúst. Eplin eru best beint af trénu. Ber aldin sem ungt tré. Hentar vel í litla garða, ekki mjög stórvaxið, ekki sjálffrjógandi. Frjósört er Lobo. Sumarepli. Blanda af Huvitus x Melba. Grunnstofn Antonovka.

### Rödluvan (finnskt)

Kröftug tré með góða greinavinkla og auðvelt að klippa til og forma. Nokkuð heilbrigð tegund. Tekur ekki mörg ár þar til tegundin gefur aldin. Aldinin eru meðalstór, kringlótt og rauð, safarík og sætsúr. Líkist mjög tegundinni Lobo. Gott til átu og í matreiðslu. Geymist ekki lengi þar sem bragðið hverfur mjög fljótt. Haustepli. Grunnstofn Antonovka.

## *Kirsuberjatré (2ja - 3ja ára)*

### Chokladkörsbär súrkirsuber (finnskt)

Aldinin eru dökkbrún eins og nafnið gefur til kynna. Berin eru meðalstór og sæt með keim af möndlum. Hægt að borða beint af trénu. Vaxtarlagið er lítið tré eða runni um 2 m á hæð og breidd. Gefur af sér um það bil 1-2 árum eftir gróðursetningu. Sjálffrjógandi. Þokkalega harðgert í Finnlandi.

### Lettisk låg súrkirsuber (finnskt)

Aldinin eru meðalstór, rauð ber sem eru frekar sæt þrátt fyrir að vera súrkirsuber, þroskast nokkuð snemma og verða þá rauðbrún. Verður um 2 metrar á hæð og breidd hvort sem er runni eða tré. Er sjálffrjógandi en frjógast meira við að hafa aðra tegund með. Hægt að borða beint af trénu og nota í margt annað eins og til víngerðar. Þokkalega harðgerð tegund í Finnlandi.

### Lapins (danskt)

Þarf mjög gott skjól, sólríkan vaxtarstað og næringarríkan jarðveg. Blómstrar í maí. Sæt ber. Sjálffrjógandi og getur verið frjógjafi fyrir aðrar kirsuberjaplöntur. Grunnstofn Colt

### Stella (danskt)

Nokkuð harðger tegund og hefur reynst ágætlega úti hérlendis í góðu skjóli, á sólríkum stað með frjóum jarðvegi. Blómstrar í maí. Fær dökkrauð, mjög stór ber. Sjálffrjógandi tegund og getur verið frjósört fyrir önnur kirsiberjatré. Grunnstofn Colt

### Sunburst (danskt)

Nokkuð harðger tegund og hefur reynst ágætlega úti hérlendis í góðu skjóli, á sólríkum stað með frjóum jarðvegi. Blómstrar í maí. Fær dökkrauð, mjög stór ber. Sjálffrjógandi tegund og getur verið frjósört fyrir önnur kirsiberjatré. Grunnstofn Colt.

## Plómutré (2ja - 3ja ára)

Sinikka (finnskt)

Upprétt vaxandi tré sem byrjar að gefa af sér aldin frekar ungt. Góð frjósört með öðrum plómutrjám og er líka sjálffrjógandi. Blómstrar frekar snemma. Aldinin eru smá, dökkfjólublá og þroskast snemma. Bragðið er sætsúrt og getur geymst í 1-2 vikur. Hægt að borða beint af trénu. Hentar vel í sultugerð og bakstur. Vel harðgert. Mjög vinsælt í heimagarða í Finnlandi.

Opal (danskt)

Nokkuð harðgerð tegund og reynist ágætlega úti hérlendis. Þarf góða birtu og næringarríkan jarðveg og þokkalegt skjól. Gefur ung af sér aldin og er gjöful. Hvít blóm við laufgun. Plómurnar eru rauðbláar eða ljósleitar, meðalstórar og eru tilbúnar í lok ágúst - byrjun september. Sjálffrjógandi planta og góð frjósört með öðrum plómutrjám. Grunnstofn Prunus 'St. Julien'

Viktoría (danskt)

Nokkuð harðgerð tegund og reynist ágætlega úti hérlendis. Þarf góða birtu, næringarríkan jarðveg og gott skjól. Hvít blóm við laufgun. Plómurnar eru appelsínugular- rauðar. Sjálffrjógandi planta. Grunnstofn Prunus 'St. Julien'

Vilmitär (finnskt)

Meðalstórt tré með upprétta krónu og nokkuð heilbriggt. Aldinin eru gulleit, meðalstór og safarík, þroskast meðalfljótt og uppskeran nokkuð góð. Steinn í aldinum losnar auðveldlega frá aldinkjötinu. Góðar beint af trénu. Þarf skjólgóðan og hlýjan vaxtarstað. Sjálffrjógandi tegund. Ver sig vel gegn sjúkdómum.

## Perutré (2ja - 3ja ára)

Pepi (finnskt)

Hávaxið tré, en ef toppurinn er klipptur af fæst falleg hringlaga króna. Vex frekar hratt og gefur af sér aldin frekar ungt og er sjálffrjógandi. Aldinin eru ávöl, ekki mjög stór, grænleit með rauðri sliktu yfir í sólarátt. Þroskast í lok september. Týna má perurnar óþroskaðar og leyfa þeim að halda áfram að þroskast innandyra. Safaríkar perur og góðar til að borða beint eða í matreiðslu.

Tidig Sommarpäron (finnskt)

Gefur af sér aldin fekar snemma og þau þroskast í ágúst/september. Gömul finnsk tegund.

Coloree de Juillet (danskt)

Meðalstórt tré. Þroskar aldin frekar ungt og er nokkuð gjöfult. Nokkuð harðgerð tegund. Aldinin eru meðalstór, gulgræn með smá brunrauðri sliktu í sólarátt. Þroskast í september. Frjógast með 'Clapps Favorite', 'Herraperu', 'Clara Frijs', 'Conference' og fleiri tegundum og er einnig góður frjógjafi fyrir aðrar perutegundir. Grunnstofn Pyrus communis

Herrapera (danskt)

Nokkuð kröftugt tré með hringlaga krónu, nokkuð harðgert og verður ekki mjög stórt. Gefur aldin frekar ungt og er gjöfult. Aldinin eru smágerð og kringluleit. Gulgræn með smá brúnu í sólarátt. Bragðast vel. Þroskast í lok september - byrjun október. Mikið notuð sem frjósört og frjógast vel með 'Clapps Favorite', 'Coloree de Juillet', 'Clara Frijs', og 'Conference'. Grunnstofn Pyrus communis.